

### **Rimlarnir og lausnin**

*Predikun í Grafarholti 30. desember 2007, sunnud. milli jóla og nýárs.*

*Lestrar: Jes 63.7-9.15-16; Gal. 4.1-7; Lúk. 2.33-40 (lagt út af v. 36-38).*

Látum oss biðja: Vér þökkum þér, Drottinn, fyrir árið sem nú er að líða og fyrir þá náð, sem þú hefur auðsýnt oss í lausnaranum Jesú Kristi. Hjálpa oss í þínum heilaga anda til að lifa hvern dag á nýju ári með honum og sigrast þannig á öllu því, sem gerir oss að föngum syndarinnar. Í Jesú nafni. Amen.

Náð sé með yður og friður frá Guði föður vorum og Drottni Jesú Kristi. Amen. – Gleðilega hátíð í Jesú nafni.

#### **Rætt við Önnu Fanúelsdóttur**

Anna Fanúelsdóttir!

Anna, Anna! Nafn þitt er aðeins að finna á einum stað í allri Biblíunni, í guðspjalli dagsins, á sunnudegi milli jóla og nýárs. Þar birtist þú okkur hjá Lúkasi gamla guðspjallamanni: óvenjuleg persóna, sem mætir enn óvenjulegra barni, mætir lausnara sínum í litlu barni.



Við reynum nú að nálgast þig, Anna, handan við rimla tíma og rúms.

Við lesum jólaguðspjall Lúkasar, gamalkunnug orð: „En það bar til um þessar mundir... hún vafði hann reifum og lagði í jötu... Yður er í dag frelsari fæddur...”

Síðan lesum við áfram hjá Lúkasi: Hirðarnir fara frá jötunni, fyrstu dagar Jesúbarnsins á jörðinni líða, Jósef og María rækja skyldur sínar sem gyðinglegir foreldrar: Drengurinn er umskorinn, honum er gefið nafn, faðir hans og móðir fara með hann til Jerúsalem, að helga hann Drottni og færa fórnir, eins og lögmál Gyðinga segir fyrir um.

Og í helgidóminum í Jerúsalem, þar sem þau koma, María og Jósef með litla drenginn sinn, þar ert þú, Anna Fanúelsdóttir. Þar ert þú, gömul kona sem þjónar Drottni.

#### **Hver varstu?**

Það er svo skrítið með hann Lúkas guðspjallamann, að hann segir okkur ósköp lítið um það, hvað þú gerðir þegar þú sást Jesúbarnið, en þeim mun meira um það, hver þú varst.

Hver varstu þá, Anna?

Þú varst háöldruð þegar þú sást Jesúbarnið, 84 ára gömul.

Þú varst af einni af tólf ættkvíslum Ísraels: ætt Assers. Jakob, sonarsonur Abrahams, faðir Assers og ættfaðir Ísraelsmanna, hafði blessað þennan son sinn og forföður þinn með orðunum: *Frá Asser kemur ríkuleg fæða og hann veitir konungakrásir* (1M 49.20).

Þú varst spákona, en þú spáðir hvorki í spil né bolla eins og svo nefndar spákonur nútímans, heldur varstu innblásin af Drottni og sagðir lýðnum hans orð, eins og spákonur Gamla testamentisins: Mirjam, Debóra og Hulda.



Þú vissir líka hvað sorg og vonbrigði voru, Anna, því að þú giftist manni, væntanlega á unglingsárum eins og þá tíðkaðist, en þú misstir hann eftir aðeins sjö ára hjónaband. Líklega hafðirðu því verið ekkja yfir 60 ár þegar þú sást Jesúbarnið í musterinu.

Þú dvaldir nú í musteri Drottins nótt og dag, og þú þjónaðir Guði. Þú baðst og þú fastaðir, baðst stöðugt, líf þitt var bæn til Drottins. – Um hvað baðstu, Anna? Baðstu kannski um lausn fyrir þjóð þína? Baðstu um lausnara fyrir heiminn, lausn frá rimlum huga og hjarta?

Við fáum víst ekki að vita það, Anna. En við vitum að þú varst í musterinu einnig þennan dag, þegar trúræknir foreldrar komu með hvítvoðunginn sinn þangað frá Betlehem.

*Þú sást Jesúbarnið, Anna.  
Og þú lofaðir Guð.*

### **Hvað sástu?**

Hvað sástu í barninu, Anna?

Hvers vegna lofaðirðu Guð þegar þú sást það?

Sástu í Jesúbarninu Messías, herkonunginn, sem þjóð þín hafði beðið eftir?  
Sástu son Guðs, „Guð af Guði, ljós af ljósi, sannan Guð af Guði sönnnum?“  
Sástu þann Guð, „er öll á himins hnoss,“ orðinn „hold á jörð“ og búa með oss?

Sástu lausn Jerúsalem, lausn Ísraels, lausn alls heimsins?

Já, *lausnina*. – Lúkas guðspjallamaður segir okkur að þú hafir talað um Jesúbarnið við alla, sem væntu lausnar Jerúsalem (2.38). Hann notar gríska orðið *lytrosis*, sem merkir endurlausn, lausn frá veikindum eða dauða, jafnvel lausnargjald fyrir fanga.

Lúkas er flinkur í grískunni og velur orðin sín vel. Það var sannarlega lausn í nánd í þessu barni. Það er lausn í nánd. – En lausn frá hverju?

### Rimlar fíknar

Ég las nú um jólin nýútkomna bók Einars Mús Guðmundssonar, *Rimla hugans - ástarsögu*. Þetta er mögnuð bók, skáldsaga, byggð á sönnum atburðum, þar sem Einar Már segir sögu nafna síns, Einars Þórs Jónssonar gæsluvarðhaldsfanga á Litla-Hrauni, og unnustu hans, Evu. Þau eru bæði óvirkir alkóhólistar og fíklar, og Einar Þór situr inni fyrir fíkniefnamisferli.



En um leið og Einar Már segir sögu þeirra tveggja, ástarsögu þeirra og baráttusögu þeirra við vímuefnin, fléttar hann saman við frásögnina þessa sömu baráttusögu úr eigin lífi, því að sjálfur er höfundurinn óvirkur alkóhólisti. – Öll þessi þrjú hafa unnið mikla sigra í sinni baráttu við vímuefnasjúkdóma.

Ég horfði á viðtal við Einar Má, þar sem hann útskýrði nafnið á bókinni, *Rimlar hugans*, og sagði: „Meðan maður er virkur alkóhólisti er maður í fangelsi hugans, í fangelsi þráhyggjunnar.“ Einar Már segir þannig, að þó að aðalpersóna bókar hans hafi setið á Litla-Hrauni, þá hafi hann sjálfur ekki síður verið í fangelsi, meðan hann var virkur alkóhólisti, lokaður bak við rimla hugans, rimla þessarar þráhyggju um áfengið.

Þessi hugsun um rimla hugans talaði sterkt til mín, líkt og reyndar bókin öll.

### Rimlar syndar

Ég fór að velta öðru fyrir mér:

Skyldi vera að við værum öll í fangelsi hugans á einhvern hátt – föst í einhvers konar þráhyggju, einhverju röngu, þannig að við séum ekki eins og við viljum vera, séum ekki þær manneskjur sem Guð hafi ætlað okkur að vera?

Biblían segir okkur reyndar að svo sé. Hún kallar þessa rimla hugans *syndina*. Orðið synd er á íslensku skylt orðinu *sundrung*, það er *upplausn* í huga okkar og hjarta, eitthvað sem ekki er, eins og það á að vera. Rimlar hugans.

Í síðari ritningarlestri dagsins, úr Bréfi Páls postula til Galatamanna, talar Páll einmitt um ánaud og þrældóm. Hann segir: „Þannig vorum við einnig, er við vorum ófullveðja, í ánaud heimsvættanna“ (Gl 4.3). Hvað á hann við með þessu? Hverjar eru „heimsvættirnar“, sem við erum þrælbundnar samkvæmt honum? Hverjir eru rimlar huga míns, rimlar okkar mannanna?

Mér dettur í hug þessi undarlega þörf fyrir að gera öðrum mönnum illt, sem við þekkjum og lesum um í dagblöðunum á hverjum degi, að brýst út svo víða í heiminum.

Mér dettur í hug kaupæðið okkar allra og efnishyggjan, sem við erum alltaf að tala um og hneykslast á fyrir jólin, en ekkert okkar er samt saklaust af og við virðumst eiga svo erfitt með að brjótast út úr.

Mér dettur í hug hrokinn minn og yfirlætið, þörfin fyrir að stjórna, vera fremstur í flokki.

En mér detta líka í hug öll þau fjölmörgu skipti sem ég hefði einmitt mátt láta meira á mér bera, hefði mátt og átt að stíga fram, rísa upp gegn óréttlæti; þar sem hallað var röngu máli og ég sagði ekkert, þar sem náungi minn var hjálpar þurfi og ég gerði ekkert.

Er þetta ekki oft hjá okkur, eins og Páll postuli lýsir sjálfur: „Hið góða, sem ég vil, geri ég ekki, en hið vonða, sem ég vil ekki, það geri ég“ (Róm. 7.20)?

Skyldu þetta ekki, engu síður en rimlar áfengis- eða vímuefnafíknar, geta kallast rimlar hugans, rimlar syndarinnar, sem ekkert okkar er alveg laust við?

### **Ekki framar þræll heldur barn**

Hvað segir þú um þetta, mín kæra Anna Fanúelsdóttir?

Sást þú lausn okkar allra frá rimlum hugans í litla Jesúbarninu?

Eða sástu eitthvað allt annað, einhvern enn dýpri leyndardóm Guðs?



Páll postuli segir ekki aðeins að við höfum verið ófullveðja og „í ánauð heimsvættanna.“ Hann segir í framhaldinu í Galatabréfinu (Gl. 4.4-7):

*Þegar fylling tímans kom sendi Guð son sinn, fæddan af konu, fæddan undir lögmáli – til þess að hann keypti lausa þá sem voru undir lögmáli og við yrðum börn Guðs. En þar eð þið eruð börn, þá hefur Guð sent anda sonar síns í hjörtu okkar sem hrópar: „Abba, faðir!“ Þú ert þá ekki framar þræll heldur barn. En ef þú ert barn, þá hefur Guð líka gert þig að erfingja.*

Við erum ekki framar þrælar heldur börn, segir Páll postuli. Við erum börn Guðs, erfingjar Guðs ríkis.

Anna Fanúelsdóttir, sástu kannski í litla barninu Guð, sem gerðist barn svo að við gætum orðið börn Guðs?

Sástu þar Drottin Jesú, þann eina sem hefur gengið syndlaus um þessa jörð, en dó sjálfur á krossi til að leysa okkur frá syndum okkar með blóði sínu?

Sástu þar *lausnarann*, sem kom til að leysa okkur frá rimlum hugans?

Sástu þar Guð, sem auðmýkti sjálfan sig til að sigrast á hroka mannanna?

Sástu þar Guð, sem gerðist manneskja svo að við gætum orðið *sannar manneskjur*, gætum komist til okkar sjálfra, orðið þær manneskjur, sem hann hafði sjálfur ætlað okkur að verða?

### Lífið með Jesú

Hvað viltu kenna okkur, Anna, að sjá í augum Jesú?

Viltu kenna okkur að lofa Guð þegar við sjáum Jesú?

Ég vil ganga með Jesú, lausnaranum sem þú sást í musterinu. Dag frá degi vil ég ganga við hlið hans, ár frá ári njóta handleiðslu hans og náðar. (Nafnið þitt, Anna, merkir það ekki einmitt „náð“?)

Það þýðir ekki að ég sé laus við syndina, að ég sé að öllu leyti orðinn eins og ég á að vera. Því fer fjarri. En dagarnir eru misjafnir, stundum er auðvelt að hlýða boðum Jesú, stundum er eins og rimlar hugans loki mann inni, syndin verði öllu yfirsterkari. Kannski er þetta eins og hjá alkóhólistanum, sem hættir aldrei að vera alkóhólisti, jafnvel þó að hann nái yfirhöndinni, sé óvirkur. En óvirkur alkóhólisti á sér framtíð, öfugt við þann virka, vegna þess að rimlar huga hans eru að losna og brotna, einn í einu. Barn Guðs á sér líka framtíð í lausnaranum Jesú Kristi, eilífa framtíð handan allra rimla, ekki sem ánauðugur þræll, heldur sem frjálst barn Guðs og erfingi ríkis hans.

Suma daga finn ég fyrir nálægð Jesúbarnsins í lífi mínu, aðra daga er eins og Guð sé fjarri mér. En ég veit að hann er þar, Anna. Hann hefur kallað mig og þig til síns ríkis. Einnig á nýju ári, 2008, vil ég tilheyra honum, einn dag í einu, dag í senn fá að kallast Guðs barn og erfingi Guðs ríkis.

Einnig á nýju ári vil ég áfram læra að feta í fótsporin þín, Anna Fanúelsdóttir, líta í augu Jesú og lofa Guð.

*Ó, gef þú oss, Drottinn, enn gleðilegt ár  
og góðar og blessaðar tíðir,  
gef himneska döggeggnum harmanna tár,  
gef himneskan frið fyrir lausnarans sár  
og eilífan unað um síðir. (V. Briem)*

Dýrð sé Guði, föður syni og heilögum anda, svo sem var í upphafi... Amen.